



Verkís og Orkuveitan fá samgönguviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2017

Samgönguviðurkenning Reykjavíkurborgar var veitt í 6. skipti í dag. Auglýst var eftir umsóknum eða tilnefningum frá fyrirtækjum, félagsamtökum, stofnunum og einstaklingum. Dómnefndin byggir val sitt á árangri að aðgerðum sem fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir eða einstaklingar hafa gripið til í þeim tilgangi að t.d. einfalda starfsfólki að nýta sér aðra samgöngumáta en einkabílinn, draga úr umferð á sínum vegum og/eða stuðla að notkun vistvænna orkugjafa.

Sjö fyrirtæki komu til greina að þessu sinni og valdi dómnefndin Verkís verkfræðistofu og Orkuveitu Reykjavíkur.

- Af hverju Verkís?

- Stór hluti starfsmanna **Verkís** notar vistvænan ferðamáta til að komast til og frá vinnu, hjólandi, gangandi eða í strætó, alls um 31% starfsmanna yfir árið (hærra hlutfall yfir sumarið).
- Eru með stóra og flotta, yfirbyggða hjólageymslu sem hýsir allt að 70 hjól. Þar er einnig að finna aðstöðu og búnað til léttra viðgerða á reiðhjólum.
- Þegar fyrirtækið flutti í nýjar höfuðstöðvar í Ofanleiti 2 þá var lóðinni breytt þannig að bílastæðum var fækkað til muna, m.a. var hluta bílastæða breytt í grasflöt og hluti tekinn undir hjólageymslu.
- Við val á nýjum höfuðstöðvum var kannaður þéttleiki búsetu starfsmanna á höfuðborgarsvæðinu og staðsetning nýrra höfuðstöðva valin m.a. með tilliti til þess hvar þéttleikinn væri mestur. Einnig var gerð úttekt á aðgengi og aðkomu að byggingum sem valið stóð um, m.a. strætósamgöngur, hjóla- og göngustígar.
- Hleðslustöðvar fyrir rafbíla starfsmanna eru á lóðinni, til viðbótar við staura fyrir rafbíla Verkís.
- Starfsfólki stendur til boða samgöngustyrkur. Starfsmaður gerir samning við fyrirtækið og skuldbindur sig til að koma ekki oftar en einu sinni í viku á bíl að jafnaði. Samgöngustyrkurinn er 7500 kr. á mánuði.
- Árið 2015 undirritaði Verkís loftslagssáttmála Festu og Reykjavíkurborgar og hefur sett sér markmið í loftslagsmálum. Hafa markmiðin verið innleidd í umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins og er m.a. haldið utan um kolefnisbókhald sem hluta af grænu bókhaldi fyrirtækisins. Eitt af meginmarkmiðum í loftslagsmálum er að skipta yfir í vistvænni bíla, einkum rafmagnsbíla, og auka hlutfall starfsmanna sem ferðast með vistvænum hætti. Þá er ætlunin að draga úr



kolefnislosun vegna starfssemi fyrirtækisins og binda kolefni fyrir alla þá losun sem ekki er hægt að koma í veg fyrir. Í þeim tilgangi bauðst starfsmönnum 5600 trjáplöntur til að planta í reit að eigin vali.

- **Af hverju Orkuveita Reykjavíkur?**

- Taka skal fram að umsóknin, og þar með viðurkenningin, nær til allrar samstæðu OR. Henni tilheyra einnig dótturfélögin Veitur ohf., Orka náttúrunnar ohf. og Gagnaveita Reykjavíkur ehf.
- Í lok árs 2012 samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) nýja umhverfis- og auðlindastefnu þar sem fram kemur að hvatt sé til vistvænna samgangna. Vorið 2016 samþykkti framkvæmdastjórn OR samstæðunnar stefnu um vistvænar samgöngur. Í júní 2016 settu fyrirtækin sér loftslagsmarkmið og þau eru þátttakendur í átaki Reykjavíkurborgar og Festu þar að lútandi. Með fjölgun umhverfisvænni farartækja hjá OR og dótturfélögum og stuðningi við vistvænni samgöngumáta starfsfólks til og frá vinnu á að draga úr útblæstri af þess völdum um 70-90% fram til ársins 2030.
- OR fylgist reglubundið með ferðavenjum starfsfólks með könnunum innanhúss í því skyni að sjá hvernig það verður best stutt til umhverfisvænni ferðamáta. Í könnun OR er starfsfólk spurt beint um hindranir í vegi þess að það ferðist með vistvænni hætti. Á þeim niðurstöðum og fleirum er aðgerðaráætlun OR og dótturfélaga byggð. - Ferðavenjukönnun sem greinar ítarlega frá ferðavenjum starfsfólks, hefur verið lögð fyrir frá 2013.
- Undanfarin fimm ár hefur dregið jafnt og þétt úr notkun starfsfólks á einkabílum knúnum jarðefnaeldsneyti og notkun starfsmanna á reiðhjólum, rafhjólum og rafbílum hefur aukist. Það má rekja beint til aukinnar umræðu og hvatningar innan OR og dótturfélaga um vistvænar samgöngur þar með talið verkefnið „Hjól náttúrunnar.“
- Um síðustu áramót var fyrirtækið alls með 65 visthæfar bifreiðar í rekstri og þar af eru 21 rafbíl. Starfsfólki á samgöngusamning stendur einnig til boða að leigja rafbíl, innan ákveðinna marka, í persónulegum erindagjörðum á vinnutíma.